

Viðauki II



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Niðurstöður úr innanlandssamráði PFS um drög
að ákvörðun varðandi verð og skilmála fyrir
ADSL+ og SHDLS+ á aðgang leið 1**

14. júlí 2015



EFNISYFIRLIT

Bls.

1. Inngangur	3
2. Athugasemdir 365	4



1. Inngangur

Í þessu skjali er að finna samantekt þeirra athugasemda sem bárust vegna samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um drög að ákvörðun varðandi verð og skilmála fyrir ADSL+ og SHDLS+ á aðgang leið 1. Frumdrögin voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 15. apríl 2015 og lauk samráðinu þann 15. maí sl.

Athugasemdir bárust frá 365 miðlum hf. (365) og voru athugasemdirnar sendar til umsagnar hjá Mílu. Svör Mílu eru tilgreind á eftir athugasemdum 365 og að lokum er afstaða PFS sett fram.

2. Athugasemdir 365

365 fagnar fyrirætlunum Mílu um að bjóða ofangreinda þjónustu, en tilkoma hennar muni að líkindum auðvelda 365 frekari uppbyggingu á gagnaflytningþjónustu félagsins á fyrirtækjamarkaði.

365 veur hins vegar athygli á því að verðlækkunarir á ADSL / VDSL og ADSL+ / SHDSL+ á aðgangssleið 1 og aðgangssleið 3 eru í ólíkum hlutföllum. Lækki þannig ADSL+ og SHDSL+ um 13,8%-24,6% (sjá meðfylgjandi töflur, 1.1-1.3). Verð á ADSL og VDSL lækki hins vegar um 33%. 365 furðar sig á þessum mismun og fær ekki séð í fljótu bragði að kostnaður Mílu vegna þjónustunnar ætti að leiða til slíks munar og ójafnrar lækkunar. Að mati 365 sé mikilvægt að verðlækkunin nái jafnt til allra þjónustubátta, til þess að jafna rekstrargrundvöll allrar þjónustu.

Eftirfarandi tafla, sem 365 vísar í, fylgdi með athugasemdum 365:

Tafla 1.1 - Samanburður á leiðum SHDSL+ á Aðgangssleið 1 og 3						
Hraði til notanda	2 Mb/s	4 Mb/s	5 Mb/s	10 Mb/s	15 Mb/s	20 Mb/s
Hraði frá notanda	2 Mb/s	4 Mb/s	5 Mb/s	10 Mb/s	15 Mb/s	20 Mb/s
SHDSL+ A1	3.978	6.134	6.272	9.651	11.590	14.510
SHDSL+ A3	4.671	7.114	7.614	11.200	13.487	16.701
Lækkun	14,80%	13,80%	17,60%	13,80%	14,10%	13,10%

Tafla 1.2 - Samanburður á leiðum Adsl+ á Aðgangssleið 1 og 3				
Hraði til notanda	2 Mb/s	4 Mb/s	8 Mb/s	14 Mb/s
Hraði frá notanda	1 Mb/s	1,5 Mb/s	2,5 Mb/s	2,5 Mb/s
Adsl+ A1 Verð	2.416 kr.	2.868 kr.	3.440 kr.	3.550 kr.
Adsl+ A3 Verð	3.016 kr.	3.680 kr.	4.562 kr.	*
Lækkun	19,90%	22,10%	24,60%	*

Tafla 1.3 - Samanburður á leiðum Adsl/Vdsl á Aðgangssleið 1 og 3			
Hraði til notanda	12Mb/s	Hraði til notanda	70 Mb/s
Adsl A1 Verð	912 kr.	Vdsl A1 Verð	912 kr.
Adsl A3 Verð	1.367 kr.	Vdsl A3 Verð	1.367 kr.
Lækkun	33,30%	Lækkun	33,30%

Andsvar Mílu

Míla bendir á að verð á ADSL+ og SHDSL+ hafi verið ákveðið hjá Símanum þegar Síminn hafði yfirumsjón með þessum vörum. Á þeim tíma hafi ekki verið í boði að leigja þessar vörur á aðgangssleið 1 heldur var burðurinn á MPLS neti Símans innifalinn í verðskránni. Þegar vörurnar voru fluttar til Mílu hafi verið ákveðið að kaupa burðinn af Símanum frekar en að Míla setti upp eigið MPLS net þar sem ljóst var að það yrði mun dýrara fyrir viðskiptavinum á aðgangssleið 3 ef Míla setti upp eigið MPLS net. Skýrist það af því að Síminn ákvað að vera á aðgangssleið 1.



Míla hafi því fengið reikning frá Símanum fyrir ADSL/VDSL og SHDSL+ og ADSL+ fyrir burðinn og sé verðskráin mismunandi eftir gagnaflutningshraða og tegund þjónustu.

Þar sem verðskrá Mílu skal byggjast á kostnaði var kostnaður Mílu vegna MPLS netsins dreginn frá verðskrá fyrir ADSL+ og SHDSL+ á aðgangsléið 3 og þannig fengið út verð fyrir aðgangsléið 1. Ein undantekning hafi þó verið gerð frá þessari meginreglu og var það gert til að gæta samræmis í verðskránni.

Afstaða PFS

PFS gerir ekki athugasemd við útskýringar Mílu á þeim mun sem er á verðum fyrir ADSL+ og SHDSL+ á aðgangsléið 1 annars vegar og aðgangsléið 3 hins vegar. Það er þessi munur sem er til skoðunar í þessari ákvörðun.

Von er á heildarendurskoðun á gjaldskrá Mílu fyrir bitastraumsþjónustu félagsins síðar á þessu ári og verða þá verð Mílu fyrir allar xDSL þjónustur félagsins endurskoðuð. PFS mun þá, meðal annars, hafa athugasemdir 365 í huga við þessa heildarendurskoðun.